



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudagur 11. desember 2018 á Kjóavöllum.

2. fundur

Fundur hófst kl. 17:30

Mættir: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Auður Stefánsdóttir, Magnús Benediktsson, Sverrir Einarsson, Lárus Finnbogason, Kristján Ríkhartsson og Ólafur Karl Eyjólfsson.

Margrét Tómasdóttir boðaði forföll.

Á þessum 2. fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt.
2. Rætt skipulag lóða í landi Garðabæjar fyrir ný hesthús í Spretti. Eftirspurn er töluverð, búið að skipuleggja svæðið en næstu skref hafa ekki verið tekin af hálfu sveitarfélagsins.
3. Sprettur hefur tekið að sér að taka þátt í verkefni sem kallast TUFF og er stuðningsverkefni fyrir börn og unglunga innan Kópavogs sem ekki hafa kost á að greiða fyrir tómsundarstarf sjálf. Tveir unglingar hafa fengið inni í félagshesthúsinu í þessu verkefni. Sprettur sér þeim fyrir hesti og reiðtygjum og greiðir allan fastan kostnað fyrir þau í 3 mánuði. Þessi samningur er eins og fyrir önnur íþróttafélög innan bæjarfélagsins.
4. Erfiðlega gengur að innheimta félagsgjöld. Enn vantar nokkuð uppá að félagsmenn standi í skilum.
5. Ræddur ávinningur af nýju greiðslu- og lykklakerfi. Stofnkostnaður eru nokkur en mikil hagræðing til lengri tíma. Greiðslukerfið myndi m.a. halda utan um félagsgjöld og aðgang að reiðhöllinni. Einnig var rædd nauðsyn þess að setja upp nýja heimasíðu fyrir félagið.
6. Fjárhagsstaða félagsins rædd og leiðir til úrbóta.
7. Skötuveisla verður haldin 21. desember og seldust allir miðar upp.

Fundi slitið kl. 18:45

Fundargerð ritaði Auður Stefánsdóttir

